

Fundargerð

Föstudaginn 9. ágúst, 2019, kl. 10:00 - var haldinn fundur í stjórn **Byggðasamlags um menningu og atvinnumál A-Hún**. Fundarstaður var Hnjúkabyggð 33 á Blönduósi. Á fundinn voru mætt eftirtaldir aðilar: Halldór G. Ólafsson, formaður, Guðmundur Haukur Jakobsson, Magnús Björnsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, og Valdimar O. Hermannsson. Valdimar ritaði fundargerð.

Halldór G. Ólafsson, formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð frá stjórnarfundum dags., 7. júní 2019, var undirrituð en hún hafði áður verið sendar út með tölvupósti.

2. Textílmíðstöð Íslands, þekkingarsetur á Blönduósi.

Undir þessum lið mættu þau Karl Friðriksson, stjórnarformaður, og Elsa Arnardóttir, forstöðumaður Textílmíðstöðvar Íslands, og héldu kynningu um stefnu, markmið og hvað þarf til?, undir yfirskriftinni: **Vagga textíliðnaðar á Íslandi**. Einnig urðu umræður um rekstur og húsnæðismál sérstaklega, almennt og vegna íbúðar í Árblik 33. Tekin verður sama áætlun um kostnað við að innrétta íbúðina, til þess að koma henni í leigu/nýtingu, og síðan gerð tillaga um það hvernig leyst.

3. Ferðamálafulltrúi A-Hún.

Valdimar upplýsti um að viðræður hefðu farið fram um að framlengja „*tímabundinn samning*“ sem gerður var yfir sumarið, um rekstur Upplýsingamiðstöðvar, og störf því tengt, til a.m.k. haustsins 2020. Forsendur og kostnaður væri á sviðuðum nótum, og fyrri samningur á ársgrundvelli, nema með breyttum opnunartíma/áherslum í vetur. Stjórn samþykkir forsendur og felur framkvæmdastjóra að ganga frá nýjum samningi, á þeim forsendum sem rætt var um á fundinum.

4. Ársreikningur BMA - 2018

Fyrir fundinum lá Ársreikningur BMA, fyrir árið 2018, sem gerður var af KPMG, ásamt Staðfestingarbréfi og stöðluðu upplýsingarbréfi til framkvæmdastjóra og ábendingarbréfi til formanns stjórnar BMA. Rekstraráriðurstaða ársins 2018, var neikvæð (352.412) en hafði verið neikvæð (2.489.000) fyrir árið 2017. Aðrar kennitölur voru svipaðar og árið áður, en þó má greina bætingu í heildarrekstrinum. Formaður og framkvæmdastjóri munu skoða ábendingar KPMG, með aðalbókara, að loknum sumarleyfum og gera viðeigandi ráðstafanir.

5. Önnur mál:

- Farið var stuttlega yfir samþykktir BMA, sem sendar höfðu verið til stjórnarmanna, eftir umræðu á síðustu stjórnarfundi. Verða til frekari skoðunnar síðar, og ef tilefni verður til breytinga á þeim.
- Rætt um erindi frá Blönduskóla, sem barst fyrir fundinn, um óskir um bættan aðbúnað í því rými sem skólinn leigir, vegna heimilisfræðslu í Kvennaskólanum, sem snýr að „*Endurnýjun á eldavélum og gardinum í kennslueldhúsi Kvennaskólans.*”. Umræða varð um kostnað og framhald nýtingar er leigutíma líkur, en stjórn sammála um að bregðast þurfi fljótt við ósk leigutaka. Framkvæmdastjóra falið að kanna málið betur og finna lausn sem uppfyllir skyldur BMA, sem leigusala, í takt við umræðu á fundi.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundu slitið kl. 11:30-
